

Nd.

654. Frumvarp til laga

[323. mál]

um breyting á lögum um vörugjald, nr. 77 23. des. 1980.

Flm.: Páll Pétursson, Guðmundur Bjarnason, Stefán Guðmundsson,
Ólafur Þ. Þórðarson, Böðvar Bragason, Valgerður Sverrisdóttir,
Níels Á. Lund.

1. gr.

Vöruheiti við tollskrárnúmerin 22.02.01 og 22.02.09 í B-lið 1. gr. laganna breytist og orðist svo:

Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi, er telst til nr. 20.07, eða drykkjarvörur unnar úr mjólk eða mjólkurvörum, með eða án efnisþátta, sem ekki eiga rót sína að rekja til mjólkur, enda séu þeir ekki yfir 25% af þyngd vörunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 77 23. desember 1980, um vörugjald, og laga nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, og áður gildandi laga um sama efni skal ekki innheimta vörugjöld skv. lögnum af drykkjarvörum unnum úr mjólk eða mjólkurvörum fyrir tímabilið 1. janúar 1978 og þar til lög þessi öðlast gildi. Vörugjöld, sem innheimt hafa verið af þessum vörum á fyrrgreindu tímabili, skulu endurgreidd.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða öðru frv. um breytingu á lögum um söluskatt nr. 10 22. mars 1960, með síðari breytingum, en í því frv. er lagt til að söluskattur verði ekki lagður á nýmjólk og mjólkurafurðir sem eru að $\frac{3}{4}$ hlutum mjólk eða meira. Frumvarp þetta tekur hins vegar aðeins til vörugjalds af mjólkurdrykkjum.

Um athugasemdir við frumvarp þetta vísast að öðru leyti til áður nefnds frumvarps um breytingu á söluskattslögum.